

ÁRSREIKNINGUR 2022

Bogfimisambands Íslands



SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR

Ársreikningurinn sýnir að starfsemi BFSÍ var mun meiri að umfangi á árinu 2022 heldur en á árinu 2021. Tvær megin skýringar eru á því. Annars vegar var Covid-19 faraldurinn að fjara út á árinu 2022, en faraldurinn hamlaði mjög starfi BFSÍ á árinu 2021. Mögulegt var því að senda landsliðið í bogfimi á fleiri alþjóðleg mót á árinu 2022 heldur en mögulegt var á árinu 2021. Hin skýringin er sú að á árinu 2022 var BFSÍ fært upp um flokkun hjá Afrekssjóði ÍSÍ úr C/þróunarsambandi í B/alþjóðlegt samband. Þessi breytta flokkun sambandsins þýddi betri möguleika fyrir BFSÍ til þess að sækja um styrki tengt kostnaði afreksstarfs sambandsins í Afrekssjóð ÍSÍ.

Það er álit stjórnar BFSÍ að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2022 gefi glögg yfirlit um rekstrar-árangur og fjárhagsstöðu sambandsins í árslok 2022.

Stjórn Bogfimisambands Íslands staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík 9. mars 2023

Guðmundur Örn Guðjónsson
formaður

Haraldur Gústafsson
varaformaður

Albert Ólafsson
gjaldkeri

Astrid Daxböck
meðstjórnandi

Oliver Ormar Ingvarsson
ritari

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir, þingkjörnir skoðunarmenn Bogfimisambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2022. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfsskyldur stjórnar. Í framhaldi af athugun okkar þá leggjum við til að fyrirbyggjandi ársreikningur verði samþykktur.

Reykjavík 9. mars 2023

Gunnar Bragason

Ólafur Gíslason

REKSTRARREIKNINGUR 2022

<i>Tekjur</i>	Skýr	2022	2021
	.		
Þáttökugjöld á mótum BFSÍ		2.252.700	2.000.000
Hlutur keppenda v/þáttöku á erl mótum.	7	11.013.993	2.320.185
Tekjur af íslandsmetaviðurkenningum o.fl. ..		66.380	65.000
Ríkisstyrkur frá ÍSÍ		2.750.000	2.000.000
Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ		10.000.000	2.800.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ		3.762.995	3.545.341
Styrkir frá Ólympíusamhjálpinni.....		1.560.060	0
Aðrir styrkir og framlög.....		121.640	0
Hlutdeild í lottótekjum		4.951.025	3.946.037
Húsaleigustyrkir frá Bogfimisetrinu		5.487.900	1.338.800
Tekjur samtals		41.966.693	18.015.363
<i>Gjöld</i>			
Stjórnun og rekstur	2	6.415.638	4.666.417
Afreksstarf	3,7	28.960.067	9.004.913
Alþjóðlegt samstarf	4	0	387.910
Fræðsla og útbreiðsla	5	2.417.631	270.525
Mótahald	6	3.731.788	3.035.721
Gjöld samtals		41.525.124	17.365.486
Afkoma f. fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		441.569	649.877
<i>Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld</i>			
Vaxtatekjur		-20.686	-2.458
Fjármagnstekjuskattur		4.551	541
...			
Fjármagnsliðir samtals		-16.135	-1.917
Afkoma ársins – hagnaður / -tap		457.704	651.794

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2022

<i>Eignir</i>	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<i>Veltufjármunir</i>			
Bankainnistæður og sjóðir		2.796.981	1.998.668
Óuppg lottó og útbreiðslust		2.094.406	2.026.072
Greitt v. móta næsta árs.....		7.588.214	3.854.207
Veltufjármunir samtals		12.105.870	7.878.947
<i>Eignir alls</i>		12.479.601	7.878.947
<i>Skuldir og eigið fé</i>			
<i>Eigið fé</i>			
Eigið fé í upphafi árs		5.084.497	4.432.703
Afkoma ársins		457.704	651.794
Eigið fé samtals		5.542.201	5.084.497
<i>Skuldir</i>			
Skammtíma viðskiptaskuldir.....		0	45.600
Innb þátttakenda v. næsta árs....		6.937.400	2.748.850
Skuldir samtals		6.937.400	2.794.450
<i>Skuldir og eigið fé alls</i>		12.479.601	7.878.947

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Bogfimisambandsins (BFSÍ) er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að teknu tilliti til leiðbeininga ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar. Uppgjörsár BFSÍ er almanaksárið. Umtalsverð vinna er unnin í sjálfböðavinnu í þágu BFSÍ og er sú vinna ekki færð til bókar.

Í leiðbeiningum ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar er gerð krafa til þess að húsaleigustyrkir sveitarfélaga til íþróttahreyfingarinnar séu sýndir í reikningsskilum. Bogfimisambandið fær ekki húsaleigustyrki frá sveitarfélögum. Starfsemi BFSÍ fer fram í húsnæði Bogfimisetransins. Sambandið fær styrk frá Bogfimisetrinu í formi afsláttar af húsaleigu og er sá húsaleigustyrkur sýndur sérstaklega í reikningsskilunum.

Í reikningsskilunum er sýndur heildar útlagður ferðakostnaður á alþjóðleg mót sem Bogfimisambandið sendir keppendur á fyrir Íslands hönd. Hér er tilgreindur bæði kostnaður greiddur af Bogfimisambandinu auk þess sem greitt er af einstökum íþróttamönnum. Hlutdeild íþróttamanna við þátttöku í alþjóðlegum mótum er sérgreind í reikningsskilunum. Rétt er þó að taka fram að inn í hlutdeild keppenda eru styrkir sveitarfélaga og/eda íþróttahéraða vegna þátttöku á alþjóðlegum mót.

2. Stjórnun og rekstur

	2022	2021
	kr.	kr.
Laun og launatengd gjöld	4.785.214	3.717.100
Slysatryggingar starfsmanna	37.929	50.982
Húsa- og vallarleiga	672.000	300.000
Prentun	0	51.829
Lögfræðiaðstoð	103.788	0
Funda- og þingkostnaður	0	49.000
Flug	102.225	0
Gisting og annar ferðakostnaður	202.224	0
Ritföng og annar kostnaður	50.992	0
Sími og internet	131.523	106.808
Tölvukostnaður og bókhaldskerfi	325.863	349.956
Annar kostnaður	3.880	40.742
Samtals gjöld stjórnun og rekstur	6.415.638	4.666.417

3. Afreksstarf

	2022	2021
	kr.	kr.
Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ	-10.000.000	-2.800.000
Húsaleigustyrkir	-3.500.000	-282.600
Hlutdeild keppenda í kost alp móta	-11.013.993	-2.320.185
Aðrir styrkir og framlög	-131.350	0
Tekjur samtals	-24.645.343	-5.402.785
Laun og launatengd gjöld	5.898.148	2.709.944
Slysatryggingar starfsmanna	55.485	12.216
Verktakagreiðslur til þjálfara	91.170	125.000
Landsliðsbúningar	532.994	727.251
Íþróttáhöld til bogfimiþjálfunar	7.705	126.200
Ferðakostnaður erlendis	16.715.957	4.010.267
Sjúkrakostnaður / heilbr.teymi	1.004.151	440.509
Húsa- og vallarleiga	4.198.000	615.200
Félagsgjöld í alp. samtök	345.454	0
Námskeiðsgjöld	0	90.000
Annar kostnaður	111.003	148.326
Samtals gjöld afreksstarfs	28.960.067	9.004.913
Gjöld umfram tekjur	4.314.724	3.602.128

4. Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf er ekki sýnt sérstaklega í ár þessi liður hefur verið sameinaður stjórnun og rekstri.

	2022	2021
	kr.	kr.
Ferðakostn. erlendis – á þing	0	189.740
Félagsgjöld í alþjóðasamtökum(WA)	0	196.370
Bankakostnaður og þjónustugjöld	0	1.800
Gjöld samtals	0	387.910

5. Fræðsla og útbreiðsla

Stærsta fræðsluverkefni ársins var að fá þjálfara kennara frá alþjóða bogfimisambandinu til þess að halda alþjóðlegt þjálfaranámskeið stig I (WA L1) hér á landi. Mögulegt var að halda þetta námskeið vegna styrks sem fékkst frá Ólympíusamhjálpinni.

	2022	2021
	kr.	kr.
Styrkur Ólympíusamhjálp v.		
WA L1 námskeiðs	-1.560.060	0
Tekjur samtals	-1.560.060	0
Húsaleiga fyrir WA L1 námskeiðs	1.236.400	0
Annar kostn. v. WA L1 námskeiðs	675.721	0
Merkjavara (barmmerki o.fl.)	152.500	134.000
Tölvukostnaður	0	14.835
Útsendingar frá mótum	250.241	0
Búnaður v. útbreiðslu	102.650	0
Banka- og þjónustugjöld	119	290
Gjöld samtals	2.417.631	149.125
Gjöld umfram tekjur	857.571	149.125

6. Mótahald

Stærstu mótin sem haldin voru á árinu á voru Íslandsmeistaramótin innandyra sem haldin voru í Bogfimisetrinu í janúar og mars og Íslandsmeistaramótin utandyra sem haldið voru í júlí á Hamranesvelli í Hafnarfirði. Einnig var sett á laggirnar á árinu Bikarmótaröð BFSÍ og flest þeirra voru tengd við heimsmótaröð alþjóða bogfimisambandsins.

	2022	2021
	kr.	kr.
Þátttökugjöld á mótum	-2.252.700	-2.000.000
Húsaleigustyrkur	-1.387.900	-756.200
Aðrir styrkir og framlög	-22.020	0
Tekjur samtals	-3.662.620	-2.756.200
Íþróttahöld	131.500	0
Skrifstofuhöld	0	3.438
Verðlaunapeningar	314.600	253.705
Dómgæsla	0	60.000

Húsa- og vallarleiga	2.935.700	2.070.900
Annar mótahaldskostnaður	345.928	404.458
Útsendingar frá mótum	0	240.000
Bankakost. og þjónustugjöld	4.060	3.220
Gjöld samtals	3.731.788	3.035.721
Gjöld umfram tekjur	69.168	279.521

7. Atburður eftir reikningsskiladag. Evrópumeistaramótinu innandyra 2023 í Tyrklandi aflýst viku fyrir mót

Á árinu 2022 var greitt fyrir flug, gistingu og þáttökugjöld þátttakenda BFSÍ á Evrópumeistaramótinu í bogfimi innandyra sem halda átt í Samsun í Tyrklandi daganna 13-18 febrúar 2023. Í árslok 2022 hafði samtals kr. 7.588.214 verið greiddar fyrir fram vegna þessa móts. Rúmri viku fyrir mótið þ.e.a.s. aðfaranótt 6. febrúar varð jarðskjálfti 7,8 að stærð í suðurhluta Tyrklands. Jarðskjálftinn hafði skelfilegar afleiðingar, mörg hús hrundu og tugir þúsunda manna létust í Tyrklandi og nágrennaríkinu Sýrlandi. Viðbrögð tyrkneskra stjórnvalda var m.a. að aflýsa öllum alþjóðlegum íþróttaviðburðum í Tyrklandi þ.m.t. Evrópu-meistaramótinu í bogfimi.

BFSÍ var með 33 skráningar á mótið og 4 fylgdarmenn sem er lang stærsti hópur sem BFSÍ hefur ætlað að senda á eitt mót. Áætlað er að niðurfelling mótsins mun valda BFSÍ einhverju fjárhagslegu tjóni. Ljóst er að kostnaður við hótलगistingu hópsins í Kaupmannahöfn er tapaður. Góðar líkur er á því að BFSÍ fái endurgreitt flugfargjöld að stærstum hluta frá Icelandair. Þáttökugjöld og hótél í Tyrklandi hafa að fullu fengist endurgreidd á árinu 2023. Kostnaður við EM innandyra var í heildina um 20% af áætlaðri heildarveltu BFSÍ fyrir árið 2023 og því engin smá biti af starfinu sem raskast.